

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn

Hafnarfirði, 28. ágúst 2015

Til skólaskrifstofa um land allt
og annarra umsjónarmanna

Stóra upplestrarkeppnin 20 ára

Það má með sanni segja að þjóðaráttak í upplestri hafi byrjað með Stóru upplestrarkeppninni sem hófst í Hafnarfirði árið 1996. Allt frá árinu 2000 hafa allir grunnskólar landsins tekið þátt í þessu mikilvæga verkefni og alltaf er eftirvænting í loftinu þegar við hefjum leikinn að hausti. Það er sérlega ánægjulegt að heyra að víðast hvar er Stóra upplestrarkeppnin komin sem fastur liður inn í skólanámskrár og sem liður í læsishvetjandi verkefnum.

Með þessu bréfi er leitað til ykkar um að hafa umsjón með Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk í byggðarlagi ykkar. Líkt og undanfarin ár leitum við til skólaskrifstofa eða staðgengla þeirra um að annast umsjón með keppninni í sínu byggðarlagi. Vinsamlegast látið okkur vita **eigi síðar en 10. september** hvort þið viljið taka verkefnið að ykkur, eða látið okkur vita ef annar hefur tekið við keflinu. Nokkuð var um breytingar í fyrra og það er afar mikilvægt að við fáum upplýsingar um breytingar tímanlega. Við mælumst til þess að þátttaka í verkefninu verði kynnt á upplýsingafundum haustsins með **skólastjórum og kennurum**. Það eru líka víða nýir skólastjórar og við urðum þess vör á síðasta skólaári að það vantar verulega upp á kynningar til skólastjóra og kennara á nokkrum svæðum. Vinsamlega hafið samband ef ykkur vantar nánari upplýsingar.

Skráning þátttöku

Gert er ráð fyrir að skólar og kennarar staðfesti þátttöku sína á eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Stóru upplestrarkeppinnar <http://upplestur.hafnarfjordur.is> **eigi síðar en 25. september næstkomandi**. Kennarar fylla út skráningarblaðið á heimasíðunni, og það berst rafrænt til Radda. Vefstjórinn okkar sendir skráningarblaðið áfram til umsjónarmanna. Þannig ættum við að geta komið í veg fyrir að skráningin fari á milli mála í kerfinu.

Heimildarmyndin

Heimildarmynd um Stóru upplestrarkeppnina sem frumsýnd var vorið 2011 er til sölu og virðist hafa nýst mörgum kennurum til kynningar þó myndin sé ekki ætluð sem kennslumynd. Alltaf eru nýir kennarar að koma að verkefninu sem þurfa leiðbeiningar um skipulag, tilgang og markmið keppinnar.

Kynning, fræðslufundir og námskeið

Við í félagsráði Radda erum tilbúin til að mæta á kynningarfundi ef óskað er.

Eins og fyrr hefst keppnin formlega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, en henni lýkur með viðhöfn í mars. Lengd námskeiða getur verið mismunandi og eru fræðslufundir og námskeið á hóflegu verði.

Óhætt er að mæla með því að kennarar sækja þessi námskeið því við, aðstandendur keppinnar, höfum séð ótvíræðan árangur þeirra í frammistöðu barnanna á lokahátíðum. Við leggjum mikla áherslu á að umsjónarmenn upplýsi kennara vel um verkefnið og allt sem í boði er því nokkuð hefur borið á því **að kennarar hafi aldrei heyrt um að hægt sé að komast á námskeið eða fá fræðslufund í skólann.** Það er heldur ekki sjálfgefið að hátíðin að vori hafi yfir sér þann hátíðarblæ sem nauðsynlegur er ef upplýsingar og fræðsla komast ekki áfram til kennara.

Heimasíða Stóru upplestrarkeppinnar

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur umsjón með Stóru upplestrarkeppninni og er heimasíðan vistuð á vef Hafnarfjarðar og þar er nú unnt að sækja allar upplýsingar og senda inn fyrirspurnir og athugasemdir á netfangið upplestur@hafnarfjordur.is

Á heimasíðunni má finna dagskrá verkefnisins, upplýsingar um aðstandendur þess, handbók fyrir kennara, fræðsluefni fyrir foreldra og fleira. Lesefni fyrri ára er til útrentunar og þegar líður að lokahátíðum fá umsjónarmenn lesefnið sent í tölvupósti.

Litla upplestrarkeppnin

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur nú staðið fyrir þróunarverkefni í anda Stóru upplestrarkeppinnar í fimm ár í 4. bekk. Verkefnið hlaut nafnið Litla upplestrarkeppnin og gengur verkefnið mjög vel og eru upplýsingar um það inni á heimasíðu Stóru upplestrarkeppinnar. Nokkur sveitarfélög hafa nú bæst í hóp þeirra sem taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni og þau eru auk Hafnarfjarðar: Akureyri, Mosfellsbær, Grindavík, Árborg, Hveragerði, Þorlákshöfn, Reykjanesbær, Austfirðir, Garðabær og Vogar og er almennt álit kennara sem komið hafa að þessu nýja verkefni að þarna sé komið lestrarátak sem sé komið til að vera. Sjá nánar í skýrslum á heimasíðunni. Hægt er að fá kynningu á Litlu upplestrarkeppninni, sendið fyrirspurn á netfangið ingibje@hafnarfjordur.is

Við vonum að áframhaldandi góð samvinna takist um Stóru upplestrarkeppnina í vetur, ekki síður en verið hefur undanfarin 19 ár og sennilega verða fleiri sem koma svo að Litlu upplestrarkeppninni þetta árið.

Ef spurningar vakna eða þið viljið koma athugasemdum á framfæri má senda línu á netfangið upplestur@hafnarfjordur.is eða hafa samband við undirritaða.

Með bestu kveðju,
fyrir hönd *Radda*, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn

Ingibjörg Einarsdóttir (ingibje@hafnarfjordur.is)

formaður Radda